

**Ed.**

## **656. Tillaga**

til þingsályktunar um fódurrannsóknir.

Flm.: Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning til framkvæmda visindalegum rannsóknum á því, hvaða fódurefni sé heppilegast að nota til gripa- og alifuglaræktar hér á landi. Skal stjórninni heimilt að verja allt að 10000 kr. úr ríkissjóði til nauðsynlegra útgjalda vegna þessa undirbúnings.

### **Greinargerð.**

Fyrir afkomu landbúnaðarins, sem að mestu lifir á griparækt, er mikið undir því komið, að fódrun búpenings sé framkvæmd á svo hagkvæman hátt sem auðið er, þannig að sem mest og bezt kjöt, mjólk, egg o. s. frv. fáið fyrir sem minnst verðmæti af fódri. Oft og tíðum þurfa skepnurnar mikils fódurs með vegna þess, hve lítið er í því af vissum efnum, en ef rétt væri blandað, væri fódurkostnaðurinn minni og skepnurnar þó allt eins vel farnar.

Erlendis hefir þekkingunni um fódrun búpenings fleygt fram síðustu áratugina, enda hefir fjöldi visindastofnana viðsvegar um heim unnið ósleitilega að þessum rannsóknum. Það hefir komið í ljós, að allviða hefir búpeningur liðið af skorti á vissum næringarefnum, svo sem fosfor, kalki, járni, fjörefnum o. fl., sem með litlum kostnaði hefir verið hægt að lagfæra, ennfremur að ýmsir húsdýrasjúkdómar stafa af rangri fódrun og að tímgun og frjósemi dýranna er að mjög verulegu leyti háð fódri.

Hér á landi hafa verið gerðar fódrunartilraunir á Hvanneyri, sem eru stórt spor í áttina. En ýtarlegar rannsóknir, framkvæmdar með visindalegri nákvæmni og þekkingu á fódurtegundum, eru nauðsynlegar sem undirstaða undir landbúnaði, sem vill byggja afkomu sína á traustum grundvelli.

Að mörgu leyti eru landshættir, búskapur og ýmsar aðstæður hér á landi til muna frábrugðni því, sem gerist í öðrum löndum, svo að við getum ekki gagnýtt okkur reynslu annara, nema leggja um leið töluverðar rannsóknir til sjálfir.

Sem stendur mun vera flutt inn erlent kjarnfóður fyrir ca. ½ millj. kr. Er sennilegt, að sá innflutningur gæti með tíð og tíma sparast að miklu leyti, ef við lærum að nota þá framleiðslu, sem landið getur sjálft lagt til.

Svo er til ætlazt, að ríkisstjórnin annist undirbúning þessara rannsókna í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og forstöðumann rannsóknarstofu háskólans. Gæti þá komið til mála, að sérstökum manni yrði falin umsjá þessara rannsókna í samráði og sambandi við rannsóknarstofnanir ríkisins, því að málið er fyllilega þess vert, að sérfróður maður geti gefið sig einhuga við því.